

Stjórnarfundur 10. október 2024

Mættir: Eyþór Gíslason, Steinunn Árnadóttir, Friðrika Ásmundsdóttir, Halldór Sigurkarlsson, Gunnar Halldórsson, Rósa Björk Jónsdóttir og Kristín Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Eyþór setti fundinn og stjórnaði honum.

Landsþing LH. Þarf að skila kjörbréfi. Fulltrúar: Eyþór, Kristín, Gunnar, Steinunn, Ólafur Flosason og Marteinn/Kristján, Varamenn: Rósa Björk, Friðrika, Kristján/Marteinn, Halldór,

Í boði er að kaupa 1000 lítra haugsugu sem hefur verið notuð á mótum. Tilbúin vökvunargreiða á henni. Umræður um kosti og galla að eiga svona tæki. Hver er notkunin, er þörf á að félagið eigi svona tæki? Ath verð.

Reglur um kjör íþróttamanns Borgfirðings. Komu athugasemdir um aldur og stigagjöf á milli móta - heimsm, landsm, íslands, deildir. Ákveðið að halda 16 ára aldursmarki fyrir íþróttamann Borgf og verðlauna yngri flokka sérstaklega. Stigagjöfin heldur sér óbreytt. Samþykkt samhljóða af stjórn.

Uppskeruhátíðin, verið að leita að stað.

*Fjórðungsmót og Vesturlandsdeild.*

Fm nefndin farin að undirbúa. Nágranna félögum boðið að vera með sem þau vilja.

Vd fundur 9. okt. Verður í Faxaborg. Góður undirbúningur farinn af stað. Gæti orðið 3 – 4 kvöld. Samþykkt að leigja Vesturlandsdeildinni reiðhöllina.

Vd nefndin vill halda Vesturlandsýningu í Faxaborg. Hugmynd að hagnaður sýningarinnar væri leigugjald á höllinni.

Klæðning á félagsheimilið. Fá mann til að mæla húsið og finna út hvað þarf mikið efni. Kaupa það sem fyrst.

Steinunn er búin að vera í sambandi við aðstandendur Ólafar í Nýja bæ vegna minningarorða um hana. Kemur fram um útförina.

Aðalfundur, hverjir ætla að hætta? Rósa og Kristín ætla að hætta. Aðrir ekki ákveðnir ennþá. Fundurinn verður 14. nóvember.

Stjórnin skiptir því á milli sín að tala við nefndirnar hvort einhverjir vilji hætta eða halda áfram.

Æskulýðsnefnd: Kristín

Skemmtinefnd: Kristín

Mótanefnd: Eyþór

Vallar og umhverfisnefnd: Dóri

Reiðveganefnd: Rósa Björk

Beitarnefnd: Eyþór

Laganefnd: Steinunn

Fræðslunefnd: Gunnar

Húsnefnd: Steinunn

Uppstillingarnefnd: Steinunn

Reiðhallarnefnd: Óli

Speglarnir í reiðhöllina eru komnir upp og líta vel út.

Steinunn, Rósa og Kristín fara yfir verksvið nefnda og gera skjal. Kynna á næsta fundi.

Friðrika sagði frá því að það hefði komið reikningur frá Veitum upp á rúm 500.000.- Óeðlilega mikil hækkun frá fyrra tímabili. Hvað veldur? Þarf að finna út úr því. Fá pípura til að fara yfir kerfið og athuga hvort leki einhvers staðar.

Búið að kaupa skítagám og hann er kominn á staðinn. Verður málaður næsta sumar.

Umræður um kerruplan. Þar er mikið af ónýtum tækjum og vögnum sem þyrfti að fara. Auglýsa fyrirhugaðar aðgerðir í hreinsun umhverfis. Ræða málið á aðalfundi.

Fundi slitið og næsti fundir ákveðinn 6. nóvember kl 19.30